



10/10 BETRI LÍFSKJÖR

10 TILLÖGUR TIL AÐ KOMA OKKUR Á TOPPINN Á 10 ÁRUM



Samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru,
fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi bætir lífskjör allra



Ísland er í 29. sæti yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims
skv. IMD - rannsóknarstofnuninni um samkeppnishæfni

VIÐ GETUM GERT BETUR

Í FREMSTU RÖÐ

Samtök atvinnulífsins hafa sett sér metnaðarfulla stefnu: Að Ísland verði meðal 10 samkeppnishæfustu þjóða heims á nýjan leik innan 10 ára. Þannig stuðlum við að aukinni fjölbreytni og arðsemi í íslensku atvinnulífi og aukinni verðmætasköpun sem er forsenda betri lífskjara fyrir alla.


Á sjö árum hefur Ísland fallið um 25 sæti á lista IMD yfir samkeppnishæfni þjóða, úr 4. sæti árið 2006 í 29. sæti á síðasta ári. Helstu samanburðarlöndin hafa stungið Ísland af. Á sama tíma hafa lífskjör versnað til muna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann dróst saman um 30% í kjölfar efnahagshrunsins og landsframleiðsla á hvern íbúa hefur dregist aftur úr nágrannaríkjunum.

Samkeppnishæfni þjóða hefur afgerandi áhrif á lífskjör íbúanna. Samkeppnishæfni snýst m.a. um efnahagslegan stöðugleika og frjóan jarðveg til verðmætasköpunar, að þekking og nýsköpun sé eflað með öflugum menntakerfi og hvata til rannsókna, að vextir séu hóflegir miðað við samkeppnisríki og að stöðugleiki einkenni rekstur hins opinbera, skattkerfi og vinnumarkaðinn. Samþætt efnahagsstefna ríkisstjórna, peningastefna Seðlabanka og launastefna á vinnumarkaði er forsenda efnahagslegs stöðugleika, og þar með samkeppnishæfni. Þessi samræming hefur jafnan brugðist hér á landi.


Tengsl samkeppnishæfni og lífskjara eru glögg og sterk fylgni er á milli raðeinkunnar í samkeppnishæfni og landsframleiðslu á hvern íbúa. Fyrir sjö árum síðan mældist samkeppnishæfni hér mun meiri en þjóða sem bjuggu við sambærileg lífskjör. Þróunin síðan bendir til þess að samkeppnishæfnin hafi þá verið ofmetin. Nú mælist samkeppnishæfni Íslands nokkru lakari en þjóða sem búa við sambærileg lífskjör. Til að tryggja betri lífskjör hér á landi verður að bæta frammistöðuna.

Stöðugleikinn skiptir sköpum. Hér hafa komið tímabundin velmegunarskeið þar sem hagvöxtur hefur verið umtalsvert meiri en í flestum samanburðarlöndum. Slíkum tímabilum hafa jafnan fylgt dýpri samdráttarskeið en víðast annars staðar. Ísland hefur dregist aftur úr nágrannalöndum.

Þróun á samkeppnishæfni Íslands 2006-2013



Lífskjör og samkeppnishæfni



TILLAGA #1

FARSÆLT AFNÁM GJALDEYRISHAFTA

Gjaldeyrishöft voru sett á fyrir tæplega fimm árum eftir 13 ára frelsistímabil til að koma í veg fyrir fjármagnsútfæði og gengisfall vegna mikilla krónueigna erlendra aðila. Gjaldeyrishöftin fela í sér að fyrirtæki og einstaklingar geta ekki ráðstafað eignum sínum frjálst. Einungis 35 fyrirtæki hafa fengið undanþágu frá gjaldeyrishöftum en til þess þurfa þau að vera með 80% tekna og 80% gjalda í erlendri mynt. Þessi regla hvetur útflutningsfyrirtæki til að kaupa vörur og þjónustu erlendis til að ná 80% markinu. Önnur fyrirtæki geta sótt um undanþágu til Seðlabankans um gjaldeyriskaup vegna einstakra fjárfestinga. Áskilið er að svör berist í fyrsta lagi eftir 8 vikur en ekki fyrir neinn tilskilinn tíma.

Seðlabankinn safnar upplýsingum um greiðslukortaviðskipti Íslendinga og gjaldeyriskaup. Seðlabankinn getur hvenær sem er gripið til aðgerða gegn einstaklingum og fyrirtækjum, lagt hald á muni og gögnum en þarf ekki að gefa upp hvaða brot eru til rannsóknar.


Seðlabankinn kaupir gjaldeyri af erlendum aðilum á hærra gengi en skráðu og margir fjárfesta hér á landi með útsölu krónum í boði bankans. Það er útilokað að leggja mat á tjónið af glötuðum tækifærum, fjárfestingum og nýsköpun og ójafnræðinu milli íslenskra og erlendra fyrirtækja, en það er augljóslega mjög mikið.

Reglurnar bjóða heim mismunun og spillingu. Ekkert liggur fyrir um hvenær höftin verða afnumin.


Hreinar eignir lífeyrissjóða námu 2.600 milljörðum króna í árslok 2013. Eignirnar námu 150% af landsframleiðslu, hærra hlutfalli en nokkru sinni. Fjármunaeign atvinnulífsins var svipuð, um 2.700 milljarðar króna, og verðmæti íbúðarhúsnæðis var 2.600 milljarðar. Eignir lífeyrissjóðanna munu vaxa jafnt og þétt miðað við 3,5% raunávöxtun á ári, að hagvöxtur verði 1,5% á mann og að mannfjöldi þróist í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofunnar. Gangi þetta eftir munu eignir lífeyrissjóðanna nema 200% af landsframleiðslu eftir áratugi, 250% eftir tvo áratugi og 300% árið 2050. Í gjaldeyrishöftum mun hlutur erlendra eigna minnka. Innendar eignir voru 2.000 milljarðar króna árið 2013 og verða tæplega 5.000 milljarðar árið 2050, á verðlagi ársins 2013. Það samsvarar allri fjármunaeign atvinnulífsins og verðmæti alls íbúðarhúsnæðis á árinu 2013. Þetta sýnir að ekki stenst að loka eignir lífeyrissjóðanna inni í gjaldeyrishöftum því þá munu eignir þeirra jafngilda núverandi verðmæti alls atvinnulífs og íbúðarhúsnæðis.

Íslendingar eru neðstir í mati IMD á samkeppnishæfni á sviði fjárfestinga erlendis og nettó flæði fjárfestinga. Ísland verður aldrei meðal samkeppnishæfustu þjóða heims í gjaldeyrishöftum.


Snjóhængjan á árinu 2013



Spá um hreina eign lífeyrissjóða í % af landsframleiðslu til ársins 2050
Hlutfall erlendra eigna ef höftum verður ekki aflétt



Samkeppnishæfni Íslands 2012 - 1. til 60. sæti



TILLAGA #2

MÓTUN NÝRRAR PENINGASTEFNU


Markmiðið er stöðugt verðlag og gengi, litið verði til viðmiða um peningamagn og stuðst við þjóðhagsvarúðartæki. Stjórnvöld, Seðlabanki og vinnumarkaður stilli strengi sína saman.

Verðbólga hefur nánast alltaf verið yfir markmiði Seðlabankans frá upptöku verðbólguþröngunarmarkmiðs. Ástæður fyrir slökum árangri má rekja til peningastefnunnar sjálftrar og samspili við efnahagsstjórnina. Misbrestir í miðlun peningastefnunnar frá stýrivöxtum til annarra vaxta og innlendirar eftirspurnar urðu til þess að vaxtahækkunar dugðu ekki til að slá á verðbólgu og verðbólguvæntingar. Óvenjulegar aðstæður á erlendum lánsfjármörkuðum, þar sem lánsfé var ódýrt, auk hárra stýrivaxta á Íslandi ýttu enn frekar undir ójafnvægi í efnahagslífinu. Háir stýrivextir juku hvata innlendir aðila til að sækja sér fé erlendis auk þess sem þeir leiddu til aukinnar ásóknar erlendra fjárfesta í íslenska vexti í gegnum vaxtamunaviðskipti. Samfara styrkingu krónunnar fluttist eftirspurnin úr landi, innflutningur jókst og viðskiptahalli náði sögulegum hæðum.


Mikill útlánvöxtur í bankakerfinu og peningaprentun samfara hækkandi stýrivöxtum á árunum 2003-2008 eru til vitnis um hnökra í miðlun peningastefnunnar. Peningamagn jókst langt umfram vöxt í hagkerfinu og meira en tvöfaldaðist sem hlutfall af landsframleiðslu. Mikil peningaprentun leiddi til vaxandi verðbólgu, ójafnvægis og að lokum gengishruns krónunnar.

Slakur árangur í baráttunni við verðbólgu sýnir mikilvægi þess að endurskoða umgjörð peningastefnunnar með verðlags- og gengisstöðugleika að megin markmiði. Til að tryggja efnahagslegan og fjármálagan stöðugleika þarf að fjölga stjórnþækjum Seðlabankans. Mikilvægt er að fylgja fordæmum annarra seðlabanka og horfa bæði til verðbólgu- og peningamagnsviðmiða og styðjast við þjóðhagsvarúðartæki sem eru tengd útlánum, fjármögnun og eigin fé bankakerfisins. Jafnframt verður að bæta almenna hagstjórn og tryggja að stuðningur við peningastefnuna komi einnig frá hinu opinbera og aðilum vinnuþröngunarmarkmiðsins. Rekstur ríkis og sveitarfélaga verður að vera í jafnvægi og kjarasamningar að rúmast innan verðbólguþröngunarmarkmiðsins. Mikilvægt er að úttekt á peningastefnunni og möguleg endurskoðun fari reglulega fram en það eykur stuðning stjórnvalda við hana og ýtir undir almenna sátt við framkvæmd hennar.


Verðbólga, verðbólguþröngunarmarkmið og verðbólguþröngunarmörk (%)
- frá upptöku verðbólguþröngunarmarkmiðs á 1F 2001



Peningamagn, verðbólga og gengi
- (%), ársbreyting á hverri stærð



Samkeppnishæfni Íslands 2012 - 1. til 60. sæti



*Byggt á könnun meðal stjórnmála, spurt hvort peningastefnan hafi jikkvæð áhrif á efnahagslífið

TILLAGA #3

BETRI ÁRANGUR Í FJÁRMÁLUM HINS OPINBERA

Teknar verði upp fjármálareglur með skýr markmið um verulegan rekstrar-afgang og lækkun skulda.

Afkoma ríkissjóðs undangengin ár er óviðunandi. Ríkisútgjöld eru nú um 60 milljörðum króna meiri að raungildi en árið 2000, að fjármagnskostnaði undanskildum. Mun meira aðhald þarf í rekstri ríkissjóðs á komandi árum en verið hefur fram að þessu. Aðhald í rekstri mun ekki duga til að skuldastaða ríkissjóðs verði viðunandi. Eignasala þarf einnig að koma til.


Á undanförunum tveimur áratugum hefur hallarekstur ríkis og sveitarfélaga numið 2,2% á ári að jafnaði, en hagvöxtur verið 2,8%. Þar munar mestu um gífurlegan hallarekstur árána 2008-2010, en jafnframt blasir við að þegar vel áraði var afgangur ekki nægur. Hið æskilega markmið um að rekstur hins opinbera sé í jafnvægi yfir hagsveiflurnar hefur alls ekki náðst. Opinber fjármál hafa oftár en ekki magnað sveiflur í efnahagslífinu síðustu tvo áratugi í stað þess að draga úr þeim. Hafi hagvöxtur aukist frá fyrra ári hefur halli aukist eða afgangur minnkað og öfugt. Opinberu fjármálin hafa magnað hagsveiflur í 11 af síðustu 20 árum.

Óhákvæmileg afleiðing mikils hallareksturs hins opinbera, og ónógs afgang í góðu árferði, eru sívaxandi skuldir. Heildarskuldir ríkis og sveitarfélaga námu um 70% af landsframleiðslu í upphafi aldarinnar en höfðu lækkað í rúm 50% árið 2007, en stóðu í árslok 2013 í 130% af landsframleiðslu. Lífeyrisskuldbindingar hins opinbera eru meðtaldar í skuldunum í samræmi við alþjóðlega staðla.


Hallarekstur ríkissjóðs, miklar skuldir og þung vaxtabyrði er mikill dragbitur á samkeppnishæfni Íslands. Í samanburði IMD var Ísland í 31. sæti árið 2012 um afkomu ríkissjóðs, 57 ríki voru með minni skuldir og 43 greiddu minni vexti.

Fjármál hins opinbera verða að stuðla betur að efnahagslegum stöðugleika og að jöfnun sveiflna en hingað til. Reglan verður að vera að þegar horfur eru á 2% hagvexti verði rekstur hins opinbera í jafnvægi og þegar horfur eru á 3% hagvexti nemi heildarafgangurinn 1,5% af landsframleiðslu. Séu horfur á minni hagvexti en 2% verði gert ráð fyrir halla. Með slíkri eða sambærilegri reglu má ná markmiði um að greiða skuldir hins opinbera svo þær verði viðráðanlegar. Í drögum að frumvarpi um opinber fjármál er hnykk á því markmiði að styrk og ábyrg stjórn þeirra stuðli að góðri hagstjórn. Ætlunin er að móta fjármálastefnu til fimm ára í senn og setja markmið í hlutföllum af landsframleiðslu með greinargerð um það hvernig þeim verði náð. Samtök atvinnulífsins telja ný lög um opinber fjármál mjög mikilvægt framfarspor í stjórn efnahagsmála á Íslandi.


Hagvöxtur og afkoma hins opinbera í % af landsframleiðslu



Heildarskuldir hins opinbera í % af landsframleiðslu



Samkeppnishæfni Íslands 2012 - 1. til 60. sæti



TILLAGA #4

LÆKKUN SKATTA OG ÚTGJALDA RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA


Útgjöld ríkis og sveitarfélaga eru há í alþjóðlegum samanburði. Draga þarf úr þeim og ná nauðsynlegum markmiðum um afgang og greiðslu skulda. Svigrúm til skattahækkana er ekkert. Þegar skuldir hafa verið greiddar nægjanlega niður munu lægri vaxtagreiðslur skapa svigrúm til að lækka skatta.

Ísland er háskattaland. Skattar á Íslandi eru mjög háir í alþjóðlegum samanburði, hvort sem um er að ræða óbæina skatta, tekjuskatta eða eignarskatta. Við samanburð á skattbyrði milli landa verður að leiðrétta fyrir því að lífeyrissjóðir á Íslandi greiða meirihluta ellilífeyris en svo er ekki í öðrum löndum. Skatthlutfall sem hlutfall af landsframleiðslu þannig leiðrétt er hvergi hærra nema í Danmörku og Svíþjóð. Skatthlutfallið á Íslandi er tæplega 10% hærra en að meðaltali í OECD-ríkjunum. Skattbyrði hefur afgerandi áhrif á samkeppnishæfni þjóða og mikilvægt að skattbyrðin sé eins lág og kostur er til að stuðla að hagvexti og velferð.


Ísland er í fjórða sæti í heiminum varðandi útgjöld ríkis og sveitarfélaga, að frátöldum ellilífeyrisgreiðslum, og voru þau 45% af vergru landsframleiðslu árið 2012. Hlutfallið var einungis hærra í Finnlandi, Belgíu og Danmörku. Opinber útgjöld Íslands verða enn hærri í þessum samanburði þegar haft er í huga að aðrar þjóðir verja að jafnaði 1,5% af landsframleiðslu til varnarmála og að hér á landi standa atvinnulífið og sjúkrasjóðir stéttarfélaganna undir greiðslum í langtímaeikindum sem hið opinbera gerir í öðrum löndum. OECD komst að þeirri niðurstöðu árið 2008 að hagræðing í heilbrigðiskerfinu geti skilað 30-40% lækkingu kostnaðar. Þar starfi of margt fólk í samanburði við önnur lönd, hlutur einkaaðila sé of lítill, þjónusta sé í of miklum mæli veitt af dýrum þjónustuaðilum og samkeppni sé ekki nægjanleg. OECD komst einnig að þeirri niðurstöðu að skilvirkni menntakerfisins sé með því minnsta sem þekkist og hægt væri að spara fimmtung útgjalda til menntamála þótt markaðs sé ekki sett hærra en að ná meðaltals frammistöðu OECD-ríkja.

Ísland er ekki hátt metið hjá IMD þegar kemur að samkeppnishæfni skattkerfisins. Af 60 ríkjum leggja 51 á lægri óbæina skatta en Ísland og 35 eru með lægri tekjuskatta einstaklinga. Staðan er betri varðandi tekjuskatta fyrirtækja en á því sviði hafa önnur ríki nálgast Ísland hratt eða farið framúr á undanföllum árum.


Heildarskattar, að frádrögnum eyrnamerknum sköttum til almannatrygginga, í % af landsframleiðslu í OECD ríkjunum árið 2012



Ríkisútgjöld, að frádrögnum ellilífeyri, í % af landsframleiðslu í OECD-ríkjunum árið 2012



Samkeppnishæfni Íslands 2012 - 1. til 60. sæti



TILLAGA #5

LÆKKUN FJÁRMAGNSKOSTNAÐAR

Fjármagnskostnaður lækkar ef varanlegur efnahagsstöðugleiki kemst á.

Kostnaður atvinnulífs og heimila vegna mun hærri fjármagnskostnaðar en í nágrannalöndunum er umtalsverður. Á undanförunum tveimur áratugum hefur nafnvaxtamunur gagnvart evrusvæðinu numið 6% að jafnaði. Vaxtamunurinn árið 2013 var einmitt 6%. Heildarskuldur íslenskra heimila og fyrirtækja nema nú um 5 þúsund milljörðum króna. Þar af eru 70% í íslenskum krónum og bera þær því 210 milljörðum króna hærri vexti á ári hverju en samsvarandi skuldur á evrusvæðinu.


Skýring þessa mikla vaxtamunar er margþætt. Verðbólga undangenginna 20 ára var að meðaltali 4,8% samanborið við 2,1% í Danmörku, 2% í Noregi og á evrusvæðinu og 1,2% í Svíþjóð. Smæð íslensku krónunnar hefur einnig kostnað í för með sér. Hvað sem því líður er vaxtamunurinn óásættanlegur og mun meiri en Norðurlöndin búa við. Vaxtamunur Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur miðað við evrusvæðið var að meðaltali 0,6% á þessu tímabili, eða einn tíundi af því sem íslensk heimili og fyrirtæki hafa búið við.

Lægri vextir á Norðurlöndunum skýrast fyrst og fremst af stöðugleika í efnahagslífinu, minni verðbólgu og stöðugra gengi en hér á landi. Því búa fyrirtæki og heimili í þessum löndum við allt annað og betra umhverfi varðandi fjármagnskostnað.


Hár fjármagnskostnaður kemur ekki síður niður á ríkinu og fjármála-fyrirtækjum. Árið 2005 var áhættuálag þriggja stærstu banka landsins að meðaltali um 0,3% ofan á Libor vexti en er nú tífalt miðað við bestu kjör. Árið 2005 nam áhættuálag ríkissjóðs 0,05% ofan á Libor vexti en er nú 2% miðað við þróun CDS álags ríkissjóðs, en síðustu lánakjör eru þó talsvert lakari.

Það kemur því ekki á óvart að í mælingu IMD á samkeppnishæfni sé Ísland í 49. og 58. sæti af 60 þegar kemur að skammtíma vöxtum og fjármagnskostnaði fyrirtækja. Hér er unnt að ná mun betri árangri. Það væri hægt að gera með auknum aga í hagstjórn á þremur mikilvægustu sviðunum, þ.e. í stjórn fjármála ríkis og sveitarfélaga, peningamálstefnu Seðlabankans og ekki síst í launaákvörðunum á vinnumarkaði, bæði í kjarasamningum og innan einstakra fyrirtækja.


Nafnvaxtamunur gagnvart evrusvæði (%)



Fjármagnskostnaður á erlendum mörkuðum álag ofan á grunnvexti



Samkeppnishæfni Íslands 2012 - 1. til 60. sæti



*Byggt á könnun meðal stjórnenda íslenskra fyrirtækja

TILLAGA #6

BETRA REKSTARUMHVERFI

Einfalda þarf regluverk og hagræða hjá eftirlitsstofnunum.

Allir sem stofna fyrirtæki komast að því að samskipti við ríki og sveitarfélög taka mikinn tíma. Eðli rekstursins ræður hve mörg leyfi þarf og hversu margar eftirlitsstofnanir koma að honum. Fjöldi eftirlitsstofnana skiptir tugum og margar þeirra sinna svipuðum verkefnum og hlutverk þeirra skarast.

Helstu aðilar á vegum hins opinbera sem fyrirtækin þurfa að eiga samskipti við: Byggingarfulltrúar sveitarfélaga, Einkaleyfastofa, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Fjármálaeftirlitið, Geislavarnir ríkisins, 10 heilbrigðiseftirlitsumdæmi sveitarfélaga, Fjölmíðlanefnd, Jafnréttisstofa, Landlæknir, Lyfjastofnun, Mannvirkjastofnun, Matvælastofnun, Neytendastofa, Orkustofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, Samgöngustofa (áður Flugmálastjórn, Siglingastofnun, Umferðarstofa og Vegagerðin), Samkeppniseftirlitið, Skipulagsstofnun, Umboðsmaður skuldara, Umhverfisstofnun, Vinnueftirlit ríkisins, Seðlabanki Íslands vegna gjaldeyriseftirlits, Ríkisskattstjóri vegna ársreikningaskrár og skráningar og Tollstjóri.

Þrátt fyrir, að ríkið hafi beitt aðhaldi í rekstri undanfarin ár, hafa helstu eftirlitsstofnanir haldið sínum hlut eða jafnvel aukið umsvif sín. Það má merkja af því að gjöld sem lögð eru á fyrirtækin (s.k. markaðar tekjur og sértekjur) og eiga að standa undir rekstri stofnananna hafa aukist verulega. Tekjur 20 eftirlitsstofnana jukust að raungildi um 25% á árunum 2008 – 2012.


Það er nauðsynlegt að hagræða í rekstri þessara stofnana, sameina þær og skipuleggja að nýju. Unnt er að nýta fjármuni þeirra miklu betur en nú er gert án þess að það komi niður á kröfum sem gerðar eru til fyrirtækjanna t.d. í umhverfismálum. Einnig er brýnt að að þeir sem stofna fyrirtæki geti tilkynnt um rekstur sinn, fengið öll leyfi og upplýsingar á einum stað.

Rekstrarumhverfi fyrirtækja eins og það er í dag hvetur ekki til fjárfestinga. Háir skattar, gjaldeyrishöft, flækjustig leyfa, óvissa í efnahagsmálum og tíðar breytingar í umhverfinu draga úr vilja til fjárfestinga. Fjárfestingar í heild eru langt undir því sem þær hafa verið undanfarna áratugi og það sama á við um fjárfestingar atvinnuveganna. Hættan er þá sú að innviðir samfélagsins (vegir, skólar, sjúkrahús o.fl.) gangi úr sér sem og framleiðslutæki atvinnulífsins. Þetta leiðir til þess að það dregur úr framleiðni samfélagsins, geta fyrirtækjanna til að hækka laun minnkar og lífskjör almennings dragast smám saman aftur úr því sem gerist í nálægum ríkjum. Samkeppnishæfnir versnar.


Aukinn stöðugleiki og festa í samfélaginu, lág verðbólga og hóflegir vextir eru nauðsynlegar forsendur til þess að fjárfestingar aukist og þar með hagvöxtur og atvinna.

Ísland er neðarlega á listum um samkeppnishæfni þegar litið er til laga og regluverks, ákvarðana stjórnvalda og aðlögunarhæfni þeirra.


Markaðar tekjur og sértekjur 20 eftirlitsstofnana ríkisins



Fjárfestingar í hlutfalli við landsframleiðslu 1994-2013



Samkeppnishæfni Íslands 2012 - 1. til 60. sæti



TILLAGA #7

AUKIN FRAMLEIÐNI Í MENNTAKERFINU

Auka þarf skilvirkni, sveigjanleika og fjölbreytni. Stytta þarf námstíma til stúdentsprófs um tvö ár.

Útgjöld Íslands til menntamála nema 8% af landsframleiðslu og eru þau mestu í samanburði ríkustu landa heims. Þrátt fyrir mikinn kostnað er árangur íslenska menntakerfisins aðeins í meðallagi skv. PISA könnunum. Jafnframt liggja fyrir niðurstöður um mikil vandamál ungmenna, t.d. skort á lesskilningi, brottfall er mikið og namar eru mun lengur í námi en náms-áætlanir gera ráð fyrir.


Samkeppnishæfni og vaxtarmöguleikar íslensks atvinnulífs munu framvegis í ríkari mæli byggja á menntun og nýsköpun. Þrátt fyrir há útgjöld Íslendinga til menntamála svarar menntakerfið ekki nægilega vel fjölbreyttum kröfum atvinnulífsins og samfélagsins um menntun. Samkeppnishæfni íslensks menntakerfis er lítil miðað við útgjöld. Það hvetur til óhjákvæmilegra breytinga til að ýta undir aukna skilvirkni, sveigjanleika og fjölbreytni. Tækifæri til framleiðniaukningar á öllum skólastigum eru til staðar. Þau ber að nýta.

Samtök atvinnulífsins styðja fyrirhugaðar breytingar á framhaldsskólastiginu um styttingu náms en leggja einnig áherslu á breytingar á grunnskólanum sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni skólakerfisins. Meiri og markvissari tenging við leikskólann er þar ekki undanskilin.


Norðurlöndin verja að jafnaði 6,6% landsframleiðslu til menntamála en Íslendingar 8%. Ef hlutfallið væri hið sama hér og á Norðurlöndum spæruðust 25 milljarðar króna árlega. Finnar verja lágsta hlutfalli landsframleiðslu til menntamála og ná mestum árangri, en Íslendingar eru með hlutfallslega hæst útgjöld en minnsta árangurinn.

Í Svíþjóð eru 8.815 klukkustundir frá upphafi skólagöngu til stúdentsprófs, í Danmörku eru þær frá 9.247 til 10.049 og á Íslandi hefur þurft 10.771 klukkustundir til stúdentsprófs. Ljóst er að hægt er að nýta tímann betur á fyrstu þremur skólastigunum og ýta undir sveigjanleika á milli skólastiga en það mun auka framleiðni innan skólakerfisins. Það þýðir að stefna eigi jafnt að styttingu námstíma á grunnskóla- sem framhaldsskólastigi. Beinn fjárhagslegur sparnaður hins opinbera sem hlýst af slíkum breytingum hleypur á milljörðum króna. Í því liggja einnig tækifæri til að ýta undir fjárfestingu í nýjum kennsluháttum, öflugri kennaramenntun og betri kjörum kennara.


Útgjöld til menntamála í % af landsframleiðslu í OECD-ríkjunum



Útgjöld til menntamála á Íslandi miðað við Norðurlöndin í % af landsframleiðslu. Sparnaður ef Ísland verði sama hlutfalli og Norðurlöndin



Samkeppnishæfni menntakerfisins á Íslandi - 1. til 60. sæti



TILLAGA #9

BETRI UMGJÖRÐ KJARASAMNINGA

Norræna vinnumarkaðslikanið hefur tryggt efnahagslegan stöðugleika og skapað betri lífskjör en íslenska líkanið.

Aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn bera sameiginlega ábyrgð á því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Efnahagslegur stöðugleiki stuðlar að bættri framleiðni sem er forsenda aukins kaupmáttar og byggir á því að launabreytingar samrýmist hóflegri verðbólgu og gengi krónunnar sé sem stöðugast.


Á undanfönum tveimur áratugum hafa laun á Íslandi hækkað tvöfalt til þrefalt meira á hverju ári en í viðskiptalöndunum. Laun á Íslandi hækkuðu um 250% á þessu tímabili en um 100% í Svíþjóð.

Á tæpum tveimur áratugum var gengi krónunnar mjög stöðugt frá 1994 fram á árið 2008 þegar það hrundi. Leiðrétting gengisins var óhjákvæmileg í ljósi langvarandi kostnaðarhækkana umfram samkeppnisríkin.


Það er lögmál að laun geta ekki hækkað að raunvirði umfram vöxt framleiðni. Hækkun launa umfram það veldur verðbólgu. Á síðustu tveimur áratugum hafa laun í Svíþjóð hækkað til jafns við 2% verðbólgu markmið og 1,5% aukningu framleiðni á ári að jafnaði. Á tímabilinu hækkuðu laun á Íslandi tæplega 60% umfram 2,5% verðbólgu markmið og 1,5% framleiðniaukningu. Það er uppskrift að efnahagshruni eða efnahagsöngþveiti.

Rökrétt viðbrögð við ítrekuðum efnahagsvanda Íslands er að leita fyrirmynda hjá nágrannaríkjum Íslands sem geti nýst til að bæta vinnubrögð við hagstjórn og launamyndun þannig að saman fari stöðugt verðlag, stöðugt gengi, vaxandi kaupmáttur og samkeppnishæft atvinnulíf. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda að betri lífskjör hvíli á efnahagslegum stöðugleika og samkeppnishæfu atvinnulífi.


Launabróun á Íslandi og Svíþjóð. 1993=100



Gengisþróun íslensku og sænsku krónunnar gagnvart evru (þýsku marki). 1993=100



Hækkun launa á Íslandi og Svíþjóð umfram verðbólgu markmið (2,5% á ári á Íslandi, 2,0% í Svíþjóð) og meðalvöxt framleiðni (1,5% á ári)



TILLAGA #10

AUKIN SAMKEPPNI Í LANDBÚNAÐI

Auka þarf frjálsræði og samkeppni í landbúnaði og fella greinina í heild undir samkeppnislög.

Hagsmunir landbúnaðar og atvinnulífs fara saman. Bændur eiga samleið með öðrum um að fá að njóta ávaxta erfiðis síns og búa við áhugaverð tækifæri. Hagkvæmara landbúnaðarkerfi, lægra matvælaferð og fjölbreyttara framboð matvæla getur stuðlað að bættum lífskjörum. Skipulagsbreytingar í landbúnaði eru skilvirk leið að því marki.

Heildarstuðningur við landbúnað á Íslandi er mikill í alþjóðlegum samanburði, en hefur þó dregist saman um 58% undanfarin 15 ár og er nú um 1,1% af landframleiðslu. Hlutfallið á milli framleiðsluverðs í landbúnaði á Íslandi og verðs á heimsmarkaði hefur einnig lækkað um 30% á umræddu tímabili. Svipuð þróun hefur orðið í öðrum þróuðum ríkjum innan OECD.


Með auknu frelsi og óheftari markaðsaðgengi mun nýsköpun eflast og srotafyrirtækjum fjölga. Þetta sýndi sig t.d. með tollfrelsi á grænmeti. Því samhlíða varð raunlækkun á verði og aukin neysla á innlendum afurðum. Það er áskorun fyrir greinina og ávinningur fyrir neytendur að stíga frekari skref í þessa átt.

Árlega eru gefnar út reglugerðir um úthlutun svokallaðra tollkvóta, sem er tiltekið magn innfluttra kjöttegunda með tollfríðindum, og þeir auglýstir til umsóknar. Ef eftirspurn eftir úthlutuðum tollkvótum er meiri en framboðið eru þeir boðnir hæstbjóðanda og þau verð eru mjög há þannig að neytendur njóta ekki tollfríðinda þessara afurða. Í stað þessa fyrirkomulags mætti draga úr innkomnum umsóknum. Uppboð tollkvóta hækkar verð til neytenda og eykur tollverndina. Þannig námu tollar á t.d. alifuglakjöti 92% og á svínakjöti 48% ofan á innflutningsverð árið 2012 í stað þess að vera 56% og 23% ef tollkvóta væri úthlutað endurgjaldslaust.


Samningar við ESB um gagnkvæma lækkun tolla og aukinn tollfrjálsan kvóta myndu lækka verð og auka framleiðni innanlands, komi útdráttarfyrirkomulag í stað uppboðs á tollfrjálsu magni. Á móti auknum tollfrjálsu innflutningi má semja um aukinn tollfrjálsan útflutning á landbúnaðarafurðum sem keppt geta í verði eða gæðum við samskonar framleiðslu í Evrópu. Í þessu sambandi má nefna skyr.

Stíga þarf skref í átt að auknu frjálsræði og samkeppni í framleiðslu og innflutningi á alifugla- og svínakjöti. Með því að lækka tolla á þessum afurðum um helming væri hægt að lækka verð á þessum innfluttu vörum um 20-25% en samt nyti innlend framleiðsla áfram mikils stuðnings.


Tollavernd á kjöti af alifuglum og svinum með og án uppboðsverðs á tollakvótum




Heildarstuðningur við landbúnað í hlutfalli af landsframleiðslu



Hlutfall á milli framleiðsluverðs og heimsmarkaðsverðs





FINNDU LEIÐINA Á TOPPINN



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Borgartúni 35 | 105 Reykjavík | Sími 591 0000 | Netfang sa@sa.is | www.sa.is